

## Reglur um launað námsleyfi fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar

Í þeim tilgangi að skapa starfsmönnum Reykjanesbæjar möguleika á að afla sér viðbótarmenntunar sem nýtist á sérsviði þeirra í starfi hjá bæjarfélaginu og með vísan til heimildarákvæða þess efnis í kjarasamningum samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi verklagsreglur um launað námsleyfi.

### 1. grein

Starfsmaður, sem uppfyllir ákvæði um launað námsleyfi skv. þeim kjarasamningi sem hann þiggur laun eftir, skal eiga kost á að sækja um slíkt leyfi. Hámarkslengd leyfis ákvarðast af rétti starfsmanns skv. kjarasamningi viðkomandi en getur þó aldrei orðið lengri en eitt ár. Starfsmenn geta einnig sótt um leyfi til skemmri tíma vegna viðurkenndra endurmenntunarnámskeiða í sérgrein sinni og ákvarðast þær heimildir skv. kjarasamningi viðkomandi starfsmanns eða mati yfirmanns á mikilvægi námskeiðsins fyrir starfið.

### 2. grein

Umsóknir um námsleyfi skulu sendar starfsþróunarstjóra Reykjanesbæjar á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 1. apríl ár hvert og stefnt skal að því að bæjarráð afgreiði umsóknir fyrir 15. maí. Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, hvernig það nýtist í starfi, námstíma og starfsferil umsækjanda. Fjöldi samþykktra umsókna ræðst af fjölda þeirra og fjárveitingu sem áætluð er í fjárveitingu hvers árs. Gert er ráð fyrir því að í fjárhagsáætlun verði árlega veitt fjárhæð sem nemur einu stöðugildi til þess að veita starfsmönnum Reykjanesbæjar námsleyfi.

### 3. grein

Við mat á umsóknum skulu eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar eftir að umsækjandi hefur uppfyllt ákvæði kjarasamnings og umsögn starfskjaranefndar liggur fyrir, þar sem þess er krafist:

1. Mikilvægi námsins fyrir starfsemi stofnunarinnar/bæjarfélagsins.
2. Starfsaldur umsækjanda.
3. Aðgengi starfsmanns að launuðu námsleyfi annars staðar svo sem frá stéttarfélagi.
4. Umsögn yfirmanns.
5. Fyrri umsóknir viðkomandi starfsmanns um námsleyfi.

### 4. grein

Laun í námsleyfi miðast við föst laun og meðaltal starfshlutfalls þann tíma er rétturinn vannst á, hafi starfsmaður ekki verið í fullu starfi allan tímann. Annar kostnaður svo sem ferða- og námskostnaður er ekki greiddur.

### 5. grein

Að námi loknu skili styrkþegar prófskírteini, vottorði um námslok og/eða skriflegri greinargerð um hvernig námsleyfi var varið. Þessi gögn berist eigi síðar en 3 mánuðum eftir að launagreiðslum í námsleyfi lýkur. **Standist starfsmaður ekki settar kröfur námsins áskilur Reykjanesbær sér rétt á endurkröfu þeirra greiðslna sem starfsmaður þáði í námsleyfi.**

## 6. grein

Samþykkt umsóknar um launað námsleyfi er miðuð við það að starfsmaður komi til starfa hjá Reykjanesbæ að námi loknu og skal í því efni miða við a.m.k. þriggja ára starfstíma að loknu námsleyfi sem varað hefur í níu mánuði eða lengur. Segi starfsmaður starfi sínu lausu innan þriggja ára eftir að námsleyfi lýkur áskilur Reykjanesbær sér rétt á endurkröfu þeirra greiðslna sem starfsmaður þáði í námsleyfi í hlutfalli við þann tíma sem eftir stendur af þriggja ára binditímanum.

### **Eyðublað**

Nafn starfsmanns      kennitala      Útskriftarár

Vinnustöð      Starfshlutfall      Starfsheiti      Starfsaldur

Tegund náms.

Dagsetning

Undirskrift

Staðfesting og meðmæli yfirmanns

Samþykkt bæjarráðs